

3

6. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um fluglið, nr. 184 1. nóv. 1949.

1. gr.

Síðasta málsgrein 14. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Réttindi til blindflugs falla niður við endurnýjun skírteinis, hafi flugmaður ekki stundað og skráð blindflug eða gervibindflug sem svarar 1 klst. á mánuði að meðaltali, frá því að réttindi voru veitt eða skírteinið gefið út eða síðast endurnýjað. Atvinnuflugmenn með meira prófi og flugstjórar fá ekki endurnýjun á skírteini í sama réttindaflokki, nema þeir gangi undir próf í blindflugi á því sem næst sex mánaða fresti. Próf þetta skal tekið undir umsjón Loftferðaeftirlitsins eða þess, er það tilnefnir.

Loftferðaeftirlitið setur nánari reglur um tilhögun prófsins, í samræmi við ákvæði þessarar greinar, um veitingu blindflugsréttinda.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 32 14. júní 1929, um loftferðir, og lögum nr. 119 28. des. 1950, um stjórn flugmála.

Samgöngumálaráðuneytið, 6. janúar 1955.

Ingólfur Jónsson.

Páll Pálmason.

4

7. jan.

REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Húsavíkurbænum nr. 121 7. des. 1935.

1. gr.

32. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Vörugjaldskrá:

1. flokkur. Gjald kr. 2.00 fyrir hver 100 kg:
Kornvara, garðávextir, hey, fóðurbætir, áburður, kol, koks, salt, sement, brennisteinn.
2. flokkur. Gjald kr. 2.50 fyrir hver 100 kg:
Eldfastur leir og steinn, gólflísar, þakhellur, þakjárn, veggflísar, efni til múrhúðunar og byggingarefni, annað en trjáviður, og ekki annars staðar talið.
3. flokkur. Gjald kr. 3.00 fyrir hver 100 kg:
Veifarferi og efni í þau, fiskumbúðir, pokar, benzín, olíur og útgerðarvörur, ekki annars staðar taldar.
4. flokkur. Gjald kr. 3.50 fyrir hver 100 kg:
Sykur, smjörliki, mör, tólg, kjöt.
5. flokkur. Gjald kr. 4.00 fyrir hver 100 kg:
Járn, vélar, vélahlutar, saumur, gler, krossviður, málningavörur, og efni í þær, lakk, kitti, lím, gibbs, veggfóður, korkur, korkvörur og efni til iðnaðar.